



TILLAGA

Viðtakandi: Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð

Sendandi: Fulltrúi Flokks fólksins

Fundur mannréttinda- og ofbeldisvarráðs 22. september 2022: Tillaga fulltrúa Flokks fólksins um skipan í ráð og nefndir:

Fulltrúi Flokks fólksins vísar hér í bókun Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrennis þar sem gerð er athugasemd við kynjaskiptingu fulltrúa í Öldungaráði Reykjavíkurborgar 2022 - 2023. Aðalfulltrúar eru samtals níu, þar af eingöngu 3 karlar á móti 6 konum. Þar munar mestu um að aðalfulltrúar borgarstjórnar eru 3 og allir konur. Fulltrúa skipting ráðsins er þriðjungur karlar og 2/3 konur. Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að mannréttindaráð beiti sér í þessu máli.

Greinargerð:

Eins og segir í bókun Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni þá nær kynjaskiptingin í ekki markmiðum mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar sem, ásamt Öldungaráði, heyrir undir Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar sem á að hlutast til um að unnið sé eftir stefnunni og fellur undir eftirfarandi grein Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, samþykkt í borgarstjórn 18. október 2016: 2.1 Reykjavíkurborg sem stjórnvald, við skipan í nefndir, stjórnir og ráð skal hafa að markmiði að hlutföll kynjanna séu sem jöfnust og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða, samanber 15. grein jafnréttis laga. Jafnræði kvenna og karla skal einnig haft að leiðarljósi þegar valdir eru fulltrúar í vinnuhópa til að undirbúa stefnumótun og meiriháttar ákvarðanir.